


# Áfangaskýrsla um málefni eldri borgara í Hafnarfirði

## Lögð fyrir Fjölskylduráð Hafnarfjarðar þann 16. desember 2016

### Fjöldi eldri íbúa (67 ára og eldri) í Hafnarfirði

Þann 1. janúar 2016 var íbúafjöldi í Hafnarfirði 28.189 einstaklingar og þar af voru 2.851 einstaklingar eldri en 67 ára. Fjölgun aldraðra eykst því hratt ár frá ári og þarf að meta þjónustu við aldraða í því ljósi. Frá árinu 2013 hefur íbúafjöldi einstaklinga (67 ára og eldri) aukist frá 8,99% í 10,11% árið 2016.



### Gjaldskrá félagslegrar heimaþjónustu

Félagsleg heimaþjónusta er veitt á grundvelli 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 25. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999.

Gjaldskrá félagslegrar heimaþjónustu hjá Hafnafjarðarbæ var síðast tekin endurskoðunar og samþykkt í bæjarstjórn þann 9. desember 2015. Gjaldskráin gildi frá 1. janúar 2016. Gjaldskráin er eftirfarandi:

1. Fyrir félagslega heimaþjónustu á vegum Hafnarfjarðarbæjar skal greiða gjald, sem nemur 750 kr. á klukkustund. Elli- og örorkulífeyrisþegar greiði gjald sem nemur kr. 570 kr. á klukkustund.
2. Undanþegnir gjaldskyldu vegna félagslegrar heimaþjónustu skulu þeir sem ekki hafa aðrar tekjur en ellilífeyri/örorkulífeyri og óskerta tekjutryggingu.
3. Fjölskylduráði er heimilt að gefa eftir hluta greiðslu fyrir veitta félagsþjónustu eða fella alveg niður. Skal þá tekið tillit til efnahags og annarra aðstæðna.

## Samanburður við önnur sveitarfélög á gjaldskrá félagslegrar heimaþjónustu

### Kópavogur

Gjaldskrá Kópavogs er tekjutengd skv. eftirfarandi töflu.

Neðri mörk	Efri mörk	Gjaldflokkar	Kr./klst.
<b>Einstaklingur</b>	202.726	Flokkur 0	0
202.727	245.823	Flokkur I	403
245.824	292.647	Flokkur II	599
292.648	339.470	Flokkur III	901
339.471	456.529	Flokkur IV	1.203
456.530		Flokkur V	2.614

Neðri mörk	Efri mörk	Gjaldflokkar	Kr./klst.
<b>Sambúðarfólk</b>	324.361	Flokkur 0	0
324.363	393.317	Flokkur I	403
393.318	468.235	Flokkur II	599
468.235	543.152	Flokkur III	901
543.154	730.446	Flokkur IV	1.203
730.448		Flokkur V	2.614

### Reykjavík

Í Reykjavík greiðir notandi fyrir félagslega heimaþjónustu kr. 1.150 fyrir hverja unna vinnustund á dagvinnutíma. Önnur félagsleg heimaþjónusta, þ.e. umönnunarþjónusta á dagvinnutíma og kvöld- og helgarþjónusta er endurgjaldslaus. Undanþegnir gjaldskyldu vegna félagslegrar heimaþjónustu eru þeir sem ekki hafa aðrar tekjur en ellilífeyri/örorkulífeyri og óskerta tekjutryggingu. Þjónusta umfram 6 vinnustundir á mánuði á hvert heimili er endurgjaldslaus.

### Mosfellsbær

Í Mosfellsbæ greiðir notandi fyrir félagslega heimaþjónustu kr. 1.650 fyrir hverja unna vinnustund á dagvinnutíma. Elli –og örorkulífeyrisþegar greiða kr. 760 á klukkustund. Undanþegnir gjaldskyldu vegna félagslegrar heimaþjónustu eru þeir sem ekki hafa aðrar tekjur en ellilífeyri/ örorkulífeyri og óskerta tekjutryggingu. Lífeyrisþegar greiða aldrei hærra gjald fyrir félagslega heimaþjónustu en sem nemur 75% af tekjum umfram lífeyri, eins og hann er skilgreindur hér að framan.

### Akureyri

Á Akureyri greiðir notandi fyrir félagslega heimaþjónustu kr. 1.200 á fyrir hverja unna vinnustund á dagvinnutíma. Aldrei er þó innheimt fyrir meira en tveggja tíma aðstoð við heimilisstörf vikulega. Þjónusta umfram það er gjaldfrí auk þess sem undanþegnir gjaldskyldu vegna félagslegrar heimaþjónustu eru þeir sem ekki hafa aðrar tekjur en ellilífeyri/

örorkulífeyri og óskerta tekjutryggingu. Þeir sem eingöngu hafa tekjur frá TR eiga rétt á niðurfellingu gjalds fyrir ofangreinda þætti félagslegrar heimaþjónustu jafnvel þótt tekjur þeirra frá TR séu hærri en framfærsluviðmið TR. Þeir sem hafa tekjur umfram tekjur frá TR eða samsvarandi fjárhæð, greiða aldrei hærri upphæð fyrir þjónustu en sem nemur 50% af umframtekjum.

## YFIRLIT YFIR GJALDSKRÁ SVEITARFÉLAGA

Sveitarfélag	Almennt gjald	Elli-og örorkulífeyrisþegar
Hafnarfjörður	kr. 750	kr. 570
Reykjavík	kr. 1.150	kr.1.150
Mosfellsbær	kr. 1650	kr.760
Akureyri	kr. 1.200	kr.1200

Að mati undirritaðra er ekki þörf á að tekjutengja gjaldskrá fyrir félagslega heimaþjónustu, frekar en aðra þjónustu sem Hafnarfjarðarbær veitir þ.e. heimsendur matur, mötuneyti að Hjallabraut 33 og Sólvangsvegi 1 og akstursþjónusta. Ef ákvörðun er tekin um tekjutengja gjaldskrá félagslegrar heimaþjónustu þyrfti einnig að tekjutengja aðra þjónustu sem Hafnarfjarðarbær veitir. Gjaldskrá Hafnarfjarðarbæjar um félagslega heimaþjónustu er mun lægri en hjá öðrum sveitarfélögum

Mikil aukning hefur verið í umsóknum um heimaþjónustu á árinu 2016 og biðlistar myndast bæði eftir þjónustunni og einnig vegna þjónustumats. Í desember 2016 hefur tekist að eyða biðlistum um þjónustumat auk þess sem tryggt hefur verið að einstaklingar fái heimaþjónustu fyrir jólin, þrátt fyrir að þeir séu ekki komnir með fastan starfsmann. Á nýju ári mun Hafnarfjarðarbæ nýta sér þjónustu frá ISS, sem mun væntanlega fyrirbyggja biðlista.

### Gjaldskrá Fjölskylduþjónustunnar 1. janúar 2017

02 Fjölskylduþjónusta				
Gjaldskrá Fjölskylduþjónustunnar í Hafnarfirði	1. janúar 2016	1. janúar 2017	Mismunur	%
Heimaþjónusta - ellilífeyrisþegar og öryrkjar, hver klst.	570 kr.	590 kr.	20	3,4%
Heimaþjónusta - aðrir, hver klukkustund	750 kr.	775 kr.	25	3,2%
Heimsendur matur, hver máltíð	760 kr.	790 kr.	30	3,8%
Heimsendingargjald	280 kr.	290 kr.	10	3,4%
Mötuneytismatur, með afsláttarkorti	705 kr.	730 kr.	25	3,4%
Mötuneytismatur, stök máltíð	760 kr.	790 kr.	30	3,8%
Ferðaþjónusta aldraðra/fatlaðra	200 kr.	210 kr.	10	4,8%
Kaffi - Hjallabraut 33, Flatahrauni 3 og Höfn	200 kr.	210 kr.	10	4,8%
Meðlæti - Hjallabraut 33, Flatahrauni 3 og Höfn	150 kr.	160 kr.	10	6,3%
Leikfimgjald, á mánuði	1.300 kr.	1.350 kr.	50	3,7%
Akstur vegna félagsstarfs	180 kr.	190 kr.	10	5,3%

## **Akstursþjónusta aldraðra**

Í byrjun mars sl. var gerður samningur við Hreyfil/Bæjarleiðir varðandi akstursþjónustu fyrir aldraða. Um tilraunaverkefni var að ræða til sex mánaða og hafa eldri borgarar nýtt sér þjónustuna vel. Kostnaður vegna þessarar þjónustu er kr. 7.856.830 frá mars til nóvember sl. Kostnaður vegna þessarar þjónustu er kr. 7.856.830. Á árinu 2016 voru 36-57 þjónustuþegar á mánuði sem fóru á þessu tímabili 360-401 ferð á mánuði.

## **Dagdvalir**

Inntökuteymi sem samanstendur af starfsmanni dagdvalar, heimahjúkrunar og heimaþjónustu metur þörf fyrir dagdvöl.

Á Hrafnistu eru 26 pláss í dagdvöl, sem á bilinu 40 til 50 einstaklingar nýta sér. Á biðlista eru 60-80 einstaklingar og sumir sækja um pláss en eru ekki tilbúnir þegar á reynir. Að auki er Hrafnista með tímabundið úrræði þar sem 6 pláss til viðbótar eru nýtt fyrir einstaklinga sem eru að jafna sig eftir spítaladvöl. Um dagdvöl er að ræða í 6-10 vikur. Á Sólvangi eru 8 pláss í dagdvöl sem 19 einstaklingar nýta sér. Á biðlista eru 6-8 einstaklingar, sem eru í mismunandi mikilli þörf fyrir dagdvöl. Í Drafnarhúsi er dagþjónusta sem rekin er af FAAS og eru þar 20 pláss og um 30 einstaklingar á biðlista. Þar er einnig rekið tímabundið úrræði þar sem 2 pláss til viðbótar eru nýtt í sama tilgangi og nefnt er hér að ofan.

Almennt má segja að lítið hreyfist á ofangreindum biðlistum þar sem tilmæli eru um að tekið sé inn strax að lokinni spítaladvöl en ekki af biðlista.

## **Hvíldarinnlagnir**

Á Hrafnistu eru 10 pláss til hvíldarinnlagna, tímabundið hefur 2 plássum til viðbótar verið úthlutað. Hvíldarinnlagnirnar eru vel nýttar. Á Sólvangi eru 2 pláss til hvíldarinnlagna. Hvíldarinnlagnirnar eru vel nýttar. Í haust hefur umsækjendum um hvíldarinnlagnir verið synjað um færni- og heilsumat í skammtímadvöl á hjúkrunarheimili og bent á að sækja um á Heilsustofnun NLFÍ. Þetta vinnulag hefur ekki þekkst áður.

## **Varanleg búseta**

Fjöldi einstaklinga eru í þörf fyrir sólarhringsþjónustu í varanlegri búsetu. Á Hrafnistu eru 163 rými en á Sólvangi eru 59. Á biðlista eftir hjúkrunarheimili í Hafnarfirði eru 24 einstaklingar.

## **Hjúkrunarheimili**

Gert er ráð fyrir að nýtt hjúkrunarheimili verði tekið í notkun vorið 2018. Verkefnastjórn heimilisins er að störfum og nú er verið að bjóða út jarðvinnu vegna heimilisins. Í nýju hjúkrunarheimili verða 60 rými og leysa af hólmi hjúkrunarheimilið að Sólvangi. Ekki verður því fjölgun um nema eitt rými með tilkomu nýs hjúkrunarheimilis.

## **Mötuneyti að Hjallabraut 33 og Sólvangsvegi 1**

Í byrjun árs gerði Hafnarfjarðarbær samning við ISS. Mikil óánægja varð meðal matargesta og hefur sú óánægja verið nokkuð viðvarandi það sem af eru þessu ári. Í mötuneytinu á Hjallabraut 33 má greina fækkun matargesta en mun minni á Sólvangsvegi. Því miður eru ekki fyrirbyggjandi tölur til að sýna fram á þessar breytingar. Í nóvember sl. var reynt að koma til móts við ítrekaða beiðni matargesta um sjálfsskömmun í mötuneytum bæjarins. Nær samdægurs var hætt við þá nýbreytni vegna mikillar

óánægju. Að mati starfsmanna í mótuneyti bæjarins virðast matargestir nú vera almennt sáttir og kvörtunum hefur fækkað.

## Fasteignagjöld

Afsláttur vegna fasteignagjalda er tekjutengdur og er með þeim hætti að samkeyrsla er milli ríkisskattstjóra og Fasteignamats ríkisins. Eldri borgarar þurfa því ekki að sækja um afslátt á fasteignagjöldum.

Afsláttur er misjafn eftir sveitarfélögum eins og sjá má á meðfylgandi töflum:

## Hafnarfjörður

Einstaklingar			Hjón/sambúðarfólk			
Afsláttur	Tekjur frá	Til		Afsláttur	Tekjur frá	Til
100%	0	2.995.000		100%	0	4.182.000
75%	2.995.001	3.398.000		75%	4.182.001	4.643.000
50%	3.398.001	3.687.000		50%	4.643.001	5.046.000
25%	3.687.001	3.917.000		25%	5.046.001	5.392.000

## Reykjavík

Einstaklingar			Hjón/ sambúðarfólk			
Afsláttur	Tekjur frá	Til		Afsláttur	Tekjur frá	Til
100%	0	2.850.000		100%	0	3.970.000
80%	2.850.000	3.260.000		80%	3.970.000	4.420.000
50%	3.260.000	5.280.000		50%	4.420.000	5.280.000

## Kópavogur

Einstaklingar			Hjón / sambúðarfólk			
Afsláttur	frá	Til		Afsláttur	frá	Til
100%	0	2.995.000		100%	0	4.132.000
75%	2.995.001	3.451.000		75%	4.132.001	4.355.000
50%	3.451.001	3.724.000		50%	4.655.001	5.053.000
25%	3.724.001	3.942.000		25%	5.053.001	5.362.000

## Hreyfing eldri borgara í Hafnarfirði

Öll skipulögð hreyfing í Hafnarfirði er mjög vel nýtt af eldri borgurum. Í október var gerð könnun á fjölda eldri borgara sem stunda reglulega hreyfingu. Niðurstaða þeirrar könnunar var að, að meðaltali ganga 70 einstaklingar daglega í Kaplakrika, 55 einstaklingar eru í gögnuhóp FEBH, um 100 einstaklingar stunda leikfimi og dansleikfimi og 20 einstaklingar eru í línudansi. Sundstaðir Hafnarfjarðar eru vel nýttir af eldri borgurum og í október voru rúmlega 2.700 eldri borgara sem heimsóttu sundlaugarnar. Niðurgreiðslur til vegna hreyfingar í október var til 36 einstaklinga. Niðurgreiðslurnar eru 1.700.- á

mánuði í 11 mánuði ársins. Kennitölur þeirra sem sækja um niðurgreiðslu eru skráðar og því auðvelt að sjá á hvaða aldri þeir einstaklingar eru sem eru að stunda reglubundna hreyfingu. Það kemur þannig fram að það eru eingöngu 4 sem sækja um niðurgreiðslu sem eru fæddir fyrir 1940 og eru þannig eldri en 76 ára. Það eru 12 á aldrinum 70 – 76 ára sem fá niðurgreiðslu í október 2016 en langflestir sem fá niðurgreiðslu í október 2016 eru þeir sem eru yngri en 70 ára

### **Félagsstarf eldri borgara**

Félagsstarf eldri borgara fer fram á þremur stöðum í Hafnarfirði. Hraunsel er opið alla virka daga. Þar fer fram fjölbreytt starf með þéttri dagskrá í samstarfi við Félag eldri borgara. Um 100–150 einstaklingar koma daglega í Hraunsel. Kaffisala er á hverjum degi auk þess sem súpa er seld einu sinni í viku. Á Hjallabraut er félagsstarfið opið þrjá daga í viku. Þar fer fram ýmiskonar handverk og einu sinni í viku er spilað eftir hádegi. Um 20 einstaklingar koma á dag og mun fleiri á spiladegi. Félagsstarfið á Höfn er opið fyrir hádegi tvisvar sinnum í viku. Þar er einkum handavinna og sögulestur. Að mati starfsmanni í félagsstarfi eru góðir möguleikar á að nýta húnæðið að Hjallabraut 33 og Sólvangsvegi 1 mun betur og bjóða þar upp á félagsstarf alla virka daga. Aðsókn í félagsstarf í Hafnarfirði er að aukast og óskir eru frá eldri borgurum um fjölbreyttara starf. Til þess að það geti orðið að veruleika er mikilvægt að auka við stöðugildi en í Hraunseli eru 2,5 stg., á Hjallabraut eru 0,7 stg. og á Höfn eru 0,2 stg. Fyrir utan ofangreinda staði er sundleikfimi í boði í Ásvallalaug, ganga í húsakynnum FH og leikfimi í Bjarkarhúsinu. Í dag fer félagsstarfið að mestu leyti fram í Norðurbænum og þörf á að huga að efla félagsstarfið með því að opna starfsemi nær Völlunum, Holti eða Áslandi. Samkvæmt Hagstofu Íslands eru tæp 20% eða 556 einstaklingar (67 ára og eldri) skráðir með lögheimili í póstnúmeri 221. Félagsstarf í miðbænum er einnig ákjósanlegur kostur.

## Yfirlit frá Fjárreiðudeild

	2013	2014	2015	30.11.2016
<b>Matur mötuneyti</b>	13.083.584	10.152.293	9.069.668	9.392.871
<b>Vildarkort</b>	12.774.508	13.885.024	13.899.362	11.349.931
<b>Afsl. fasteignagj.</b>	36.802.415	36.435.541	40.862.280	47.165.822
<b>Matur heimaþj.</b>	10.296.973	10.425.319	14.955.880	8.227.530

<b>2013</b>		
Málaflokkur / Deild / Tiltala / Reikningur	Heiti	Rauntölur
2402	Tómst.st.aldraðra og mötuneyti	47.267.244
2403	Heimaþj. aldraðra og öryrkja	84.440.042
2407	Félagsmiðstöð eldri borgara	28.768.077
<b>Samtals</b>		<b>160.475.363</b>
<b>2014</b>		
Málaflokkur / Deild / Tiltala / Reikningur	Heiti	Rauntölur
2402	Tómst.st.aldraðra og mötuneyti	50.053.066
2403	Heimaþj. aldraðra og öryrkja	93.027.018
2407	Félagsmiðstöð eldri borgara	28.756.787
<b>Samtals</b>		<b>171.836.871</b>
<b>2015</b>		
Málaflokkur / Deild / Tiltala / Reikningur	Heiti	Rauntölur
2402	Tómst.st.aldraðra og mötuneyti	48.186.789
2403	Heimaþj. aldraðra og öryrkja	109.072.302
2407	Félagsmiðstöð eldri borgara	33.092.999
<b>Samtals</b>		<b>190.352.090</b>
<b>30.11.2016</b>		
Málaflokkur / Deild / Tiltala / Reikningur	Heiti	Rauntölur
2402	Tómst.st.aldraðra og mötuneyti	42.518.782
2403	Heimaþj. aldraðra og öryrkja	100.246.699
2407	Félagsmiðstöð eldri borgara	34.454.948
<b>Samtals</b>		<b>177.220.429</b>

Hafnarfirði, 15. desember 2016

Atli Þórsson

Linda Hildur Leifsdóttir

Sjöfn Guðmundsdóttir

Soffía Ólafsdóttir